

Morgunblaðið

46. árgangur

22. tbl. — Miðvikudagur 28. janúar 1959


Prentsmiðja Morgunblaðsins

Krúsjeff var að springa af sjálftrausti á flokksþinginu í gær

Hann talaði hvorki meira né minna en: 6 klukkustundir

MOSKVU, 27. jan. — Þegar Nikita Krúsjeff, forsætisráðherra Sovétríkjanna og aðalritari Kommúnistaflokksins, hafði lokið rösklega 6 klukkustunda ræðu sinni á 21. flokksþingi rússneska Kommúnistaflokksins, sem hófst í Moskvu í dag, var hann ákaft hylttur af tvö þúsund áheyrendum. Kjarni ræðunnar fjallaði um hina nýju 7 ára áætlun Sovétríkjanna, sem Krúsjeff sagði að væri svo stórkostleg, að ekki væri hægt að jafna við neitt í sögu mannkynsins. Þá réðist hann heift arlega á flokksfjendurnar, Bulgárin, Malenkóv, Molotóff, Kaganóvich, Sjepilov og Sjukov. Í dag geta allir séð hversu skynsamlega miðstjórnin fór að ráði sínu, þegar hún einangraði þessa menn, sagði forsætisráðherrann. Þá skýrði hann frá því að Sovétstjórnin ynni að því öllum árum að draga úr kalda stríðinu og stofna til stórveldafundar. Hann réðist einnig á jógóslavneska kommúnistaflokkinn og stefnu hans og áráðirnar á kommúnista í Arabaríkjunum, en hyltti þó arabísku þjóðernisstefnuna og Nasser og Karsem, hvorn í sínu lagi. Hann lagði áherslu á að ekki væri um neinn ágreining að ræða milli kínverska alþýðu-

lýðveldisins og Sovétríkjanna, og ekki myndi heldur koma til neinna árekstra þótt kommúnistaflokkar þessara ríkja notuðu ó-



Krúsjeff

líkar aðferðir til að ná sama takmarki.

Krúsjeff lofar Stalín

Krúsjeff var einn á mælendaskrá á fundinum í dag. Hann lofaði verkamönnum hærra launum, styttri vinnutíma og lægri skött-

um, og sagði að ekki liði á löngu þar til beinir skattar yrðu afnumdir í Sovétríkjunum, — og nú væru aðeins 8% af tekjum ríkisins af skattheimtu. Þá fullyrta hann, að Sovétríkin væri mesta iðnaðarframleiðsluland í Evrópu og annað mesta iðnaðarveldi heims, og ekki myndi liða á löngu þar til Sovétríkin færu fram úr Bandaríkjunum og stórkju framleiðslu sína. Krúsjeff fór fögrum orðum um Stalín, sem hann sagði að hefði átt mikinn þátt í þessari öru þróun. Þá skýrði hann frá því að meðalframleiðsluaukningin samkvæmt hinni nýju 7 ára áætlun væri um 80%.

Hægt að komast hjá styrjöld

Krúsjeff minntist nokkrum orðum á síðasta flokksþingið og sagði, að þar hefði verið stigið glæsilegt spor fram á við, þegar lýst var yfir, að unnt væri að komast hjá styrjöld. Sovétríkin lita á það sem skyldu sína að hvetja til stórveldafundar, svo að unnt verði að draga úr spennunni og hætta tilraunum með kjarnorkuvopn, sagði hann. — Það er engin ástæða til að ætla að árekstrar verði milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, hélt hann áfram. En óeðlileg samskipti þessara landa verða vafalaust lengi enn.

Þýskalandsmálin

Þá gat hann þess, að áráðar-pólitík Bandaríkjanna, eins og hann komst að orði, gegn Rauða-Kína, væri sök í spennunni austur þar, en síðan bætti hann við, að nauðsynlegt væri að koma á kjarnorkulausu belti í Austur-Asíu og á Kyrrahafi. Í sambandi við Þýskalandsmál kvað ráðherrann mikilvægast að undirrita Framh. á bls. 19



Málverk Muggs

Listkynning Mbl.

Málverkaprentanir Helgafells

LISTKYNNING Morgunblaðsins byrjar í dag sýningu á nýjum eftirprentunum frá Helgafelli.

Myndirnar sem sýndar eru: Fjallamjól, Þingvallamynd, eftir Jóhannes Kjarval, Gamla búðin eftir Gunnlaug Scheving, Dagrenning við Hornbjarg eftir Jón Stefánsson, Hornafjörður eftir Ásgrím Jónsson, Stúlka með fugl eftir Ásgerði Búadóttur, Sjöundi dagur í Paradís eftir Guðmund Thorsteinsson (Mugg), Áning eftir Kristján Davíðsson og Íslandslag eftir Jóhannes Kjarval.

Stríðinu lokið en..

CARACAS, 27. jan. — Fidel Castro, uppreisnarforingi á Kúbu, horfði í dag, þegar hann var að leggja af stað heim frá Venezuéla, á einn beztan vin sinn lenda í einni af skráfunum á skæmaster-vélinni, sem flutti hann heim, og biðna samstundis bana. — Castro skipaði 10 fylgdarmönnum sínum að standa

heiðursvörð hjá líkinu, þegar það yrði flutt heim til Kúbu, en fór sjálfur með vélinni, sem slysinu olli. Hann sagði hræður: „Stríðinu er lokið, en dauðinn heldur áfram iðju sinni.“

Þessi vinur uppreisnarfor-ingjans, sem lézt í dag, hét Paco Cabrera og var lífvörður hans og nánasti samstarfsmaður í uppreisninni.

Tillögur Rússa draga ekki úr kalda stríðinu

— en miða að því að vinna það

WASHINGTON, 27. jan. — Dulles, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði á vikulegum blaðamannafundi sínum í dag, að utanríkisráðherrafundur um Þýskalandsmálin í vor mundi verða gagnlegur. Hann kvaðst vera andvígur þeirri hugmynd, sem heyrzt hefur, að þýzku landshlutarnir geri með sér ríkjabandalag, því með því móti mundi Þýskalandi verða skipt um aldur og ævi. Þá sagði ráðherrann enn fremur, að Rússar hefðu í Genf 1955 fallist á sameiningu Þýskalands að undangengnum frjálsum kosningum í landinu, en þeir hefðu gengið á það samkomulag, og ef þeir vildu eitthvað annað, þá væri þeim í sjálfvald sett að koma fram með tillögum í þá átt.

Kosningar ekki nauðsynlegar

Þá sagði utanríkisráðherrann, að ekki væri nauðsynlegt að efna til kosninga í Þýskalandi áður en landið verður sameinað. Saga



Dulles

annarra landa sýndi, að unnt hefði verið að sameina þau í eitt ríki, þótt engar kosningar hefðu farið fram. Bandaríkin væru sami um þetta.

Sök Rússa

Dulles vék einnig að um-mælum Krúsjeffs á mánudaginn um kalda stríðið og sagði, að það væru Rússar, sem héldu því við. Þær tillögur, sem þeir hefðu borið fram á alþjóðavettvangi, miðuðu ekki að því að draga úr kalda stríðinu, heldur vinna það.

Þá minntist ráðherrann á Kúbu og sagði, að Bandaríkjastjórn hefði ákveðið að kalla heim hernaðarsendinefnd sína þar í landi vegna þess, að stjórn uppreisnarmanna hefði farið þess á leit.

Fundur Bagdadbandalagsins

KARACHI, 27. jan. — Í dag var rætt á ráðherrafundi Bagdadbandalagsins um afstöðuna til NATO og SEATO.

Ráð Bagdadbandalagsins heldur fund á morgun til að leggja síðustu hönd á yfirlýsingu að fundarlokom.

Landhelgisdeilan til umræðu í brezka þinginu

Í FYRIRSPURNARTÍMA í brezka þinginu í gær var minnt á landhelgismálið. Hector Huges, verkamannapeningmaður frá Aberdeen, spurði utanríkisráðherrann, hvort stjórninni væri ljóst, að deilumálin um landhelgina kæmu ekki fyrir ráðstefnu S.p. fyrr en 1960 og á tímabilinu þangað til væru margar hættur á ferðum bæði fyrir fiskiðnaðinn

og neytendur og hvort utanríkisráðherra hygðist gera einhverjar ráðstafanir til þess að samkomulag náist um viðræður og lausn á málinu sem fyrst.

Robert Allen, sem nýlega hefur tekið við embætti aðstoðar-utanríkisráðherra, svaraði fyrir-spurninni á þá lund, að ríkisstjórn hennar háttignar hefði heldur kosið, að ráðstefnan yrði haldin í fyrr og hafði sjálf lagt til, að hún yrði haldin 1959, en meirihlutinn á Allsherjarþinginu var þeirrar skoðunar, að bezt væri að kalla ráðstefnuna ekki saman fyrr en í marz eða apríl 1960. Brezka stjórnin samþykkti þetta, með hálfum huga þó, og hafði þá landhelgisdeiluna við Ísland í huga. Brezka stjórnin hefur æ ofan í æ lýst yfir að hún sé fús til þess að samþykkja bráðabirgðalausn, sagði ráðherrann enn fremur, þangað til málið hefur verið afgreitt endanlega á alþjóðaráðstefnu. Ríkisstjórn Íslands, hélt ráðherrann áfram, hefur því miður ekki getað fallist á neinar þær tillögur, sem lagðar hafa verið fram. Brezka stjórnin er þess enn reiðubúin að gera bráðabirgðaráðstafanir til að minnka hættuna á átökum við Ísland.

Samsæri á Kúbu

HAVANA, 27. jan. — Í Pinar El Rio héraði voru allmargir fyrrum liðsforingjar í her Batista handteknir í dag, þegar upp komst um samsæri gegn hinni nýju stjórn bylt-ingarmanna.

Enn er haldið áfram réttarhöldum í Havana yfir fyrrum samstarfsmönnum Batista. Einn þeirra, sem var lögreglustjóri, var dæmdur til dauða í dag.

Tæknin eyðir þoku

PARÍS, 27. jan. — Í dag skýrðu franskir vísindamenn frá því, að tilraunir til að eyða þoku á flugvöllum hefðu borið góðan árangur. Hafa þeir gert tilraunir sínar á flugvelli í nágrenni Parísar og notað til þess lofttegundina propan, sem þeir hafa dreift út í þokuloftið við flugbrautirnar. Við það hefur rakinn í þokunni kristallast og fallið til jarðar sem snjó. Hefur á þennan hátt tekið að auka skyggni úr 50 fetum upp í 500 fet.

Morgunblaðið

Miðvikudagur, 28. janúar

Efni blaðsins m.a.:

- Bls. 3: Segja þarf þjóðinni sannleikann um búðalaust. (Úr ræðu Björns Ólafssonar).
- 6: Batnandi hagur Austfirðinga byggist á samvinnu með hagfjöldans fyrir augum.
- 8: Kvenþjóðin og heimilið.
- 9: „Á yztu nóf“ leikrit Þjóðleikhússins.
- Af sjónarhóli sveitamanns.
- 10: Forystugreinin: Skrípaleikurinn með varnarmálin.
- Utan úr heimi: — Berlín — tvískipt borg.
- 11: SAS-hótelid í Höfn.
- 12: V-stjórnin fleygði efnahagsmálunum frá sér óafgreiddum. (Frá Alþingi).
- 13: Bókabáttur.
- 18: Íþróttir.